

Fundargerð 43. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannstaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 6. janúar 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík. Tilfni fundarins er ósk Ferðamálastofu um að ræða við stjórnina um endurskoðun starfsreglna sjóðsins.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Guðjón Bragason, Sævar Skaptason

Anna G. Sverrisdóttir var fjarverandi

Frá FMS: Björn Jóhannsson, Sólrún Anna Jónsdóttir og Helena Karlsdóttir

Eftirfarandi mál voru rædd:

1. Starfsreglur stjórnar

Eftirfarandi gögn voru lögð fram og rædd:

- Drög að starfsreglum stjórnar með breytingum Helenu
- Drög að starfsreglum stjórnar með breytingum Helenu ásamt athugasemdum Guðjóns

Helena kynnti breytingar á fyrri drögum og það sem hefur farið á milli hennar og Guðjóns við mótun reglnanna. Helena tók fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið legði áherslu á að þetta verkefni yrði klárað sem fyrst. Afstaða Ferðamálastofu væri að ef ekki næðist sátt um efni starfsreglna stjórnar yrði næsta skref að biðja ráðuneytið um að setja reglugerð.

Farið var í gegnum drögin lið fyrir lið og breytingar samþykktar. Eftir þessa yfirferð voru eftirfarandi mál enn ókláruð:

- Grein 3 – Stjórn FF mun taka hana til umfjöllunar á fundi 7. Janúar
- Grein 6 – Orðalagsbreytingar til að skýra meiningu
- Grein 7 liður d – um „de minimis“ regluna.

Fram kom á fundinum að ráðuneytið hefði óskað eftir því að „de minimis“ reglan yrði áfram í reglum stjórnar. Stjórnin óskaði skriflegri staðfestingu á því og mun Björn spyrja ferðamálastjóra og Albína kanna hjá ráðuneytinu. Fram kom það álit Guðjóns að þessi regla hafi fyrirsjáanlega mjög mikil áhrif á starfsemi sjóðsins, hvað varðar úthlutanir til opinberra aðila. Mikilvægt væri að allir sem málið varðar geri sér grein fyrir áhrifum reglunnar.

Guðjón benti á mikilvægi þess að verkferlar Ferðamálastofu væru einnig skoðaðir og þróaðir í samhengi við reglur stjórnar.

Næsti fundur stjórnarinnar verður 7. Janúar kl. 8:30

Fundi slitið kl. 10:00

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

A. Th.
Anna G.
Sævar